

Dalabyggð  
b.t. Kristján Sturluson, Sveitastjóri  
Miðbraut 11  
370 Búðardal

Borgarnes, 11. maí 2020  
Tilvísun: 2020040060  
PTHS/  
Tilv. ykkar:

**Efni: Áskorun Dalabyggðar um að hefja lagningu bundins slitlags á Klofningsveg nr. 590 sumarið 2020, svar Vegagerðarinna.**

Vegagerðinni barst erindi frá Dalabyggð dagsett 6. apríl síðastliðin þar sem farið var yfir ályktun samþykktu af sveitarstjórn. Þar er skorað á Vegagerðina að hefja lagningu bundins slitlags á Klofningsveg nr. 590 sumarið 2020 og skilgreina það sem tilraunaverkefni á landsvísu við að leggja bundið slitlag á malarvegi með sem minnstum hönnunarkostnaði.

Vegagerðin hefur horft til Klofningsvegar undanfarin ár sem þarf verkefni í tengivegasjóð en miðað við núverandi stöðu í þeim málum þá miðar rólega í að koma bundnu slitlagi á tengivegi á landsvísu. Þær áætlanir sem gerðar voru áætluðu að lagt yrði bundið slitlag á vegi með sem minnstum tilkostnaði eins og hægt væri og stefnt yrði að halda kostnaðinum undir 20 m.kr/km.

Gert var tilrauna verkefni árið 2016 þar sem lagt var bundið slitlag með sem minnstum tilkostnaði þar sem malarvegir lágu í gegnum bæjarhlöð og verður því haldið áfram eins og efni eru til hverju sinni. Það er hins vegar ekki talið arðbært á stærri vegum og lengri köflum þar sem þessir vegkaflar byggjast ekki upp í réttum vegflokki og verður því oft dýrari í rekstri og enduruppbyggingu þegar að því kemur.

Tekin hefur verið sú stefna hjá Vegagerðinni að þeir tengivegir sem skilgreindir eru C<sub>7</sub> vegir verði byggðir upp sem að lágmarki 6,5 m breiðir vegir. Vegir sem byggðir eru upp með öðrum hætti þarf að byggja upp með útskotum til þess að uppfylla kröfur veghönnunarreglna og tryggja nægjanlegt svigrúm ökutækja til þess að mætast. Sé vegur byggður upp í milli stærðum sem uppfylla ekki vegflokkan D<sub>4</sub> eða C<sub>7</sub> getur breidd vegarins valdið því að ökumenn verða í vafa hver á réttinni þegar bílar mætast og getur það ollið slysum.

Reynt er að miða við lágmarks aðgerðir og að vegir séu byggðir upp sem mest eftir núverandi veki og með því móti er hægt að lágmarka framkvæmdarkostnað við að koma bundnu slitlagi á tengivegi, einnig er leyft að víkja frá kröfum um hæðar- og planlegu veghönnunarreglna en reglum um öryggissvæði þarf að fylgja, annars þarf að setja upp vegrið til að uppfylla kröfum um öryggisvæði. Áætlaður kostnaður við þessar framkvæmdir eru í dag á milli 30-50 m.kr/km á þeim vegum þar sem hægt er að fylgja núverandi veki að mestu.

Tengivegakerfið á Vestursvæði er ansi stórt og verkefnin mörg. Vestursvæði er með 920 km af tengivegum og þar af einungis 200 km með bundnu slitlagi eða 21,7%. Dalabyggð er með


169 km af tengivegum og þar af einungis 25 km með bundnu slitlagi eða um 15%. Rétt er að benda á að undanfarin ár hefur verið unnið við að koma bundnu slitlagi á Laxárdalsveg nr. 59 úr tengivegasjóði.

Varðandi Klofningsveginn (590) og fyrirhugaðar framkvæmdir á honum þá er Vegagerðinni kunnugt um aukna umferð og mikilvægi þess að vegabætur verði gerðar á þessari leið. Það er hins vegar þannig að ekki er stefnt að því að fara í tilraunaverkefni við að koma bundnu slitlagi á veginn óbreyttan sbr. ofangreint. Klofningsvegur (590-01): Vestfjarðarvegur – Hafnará er á hönnunarfjáráætlun Vestursvæðis 2020 þar sem á að mæla og fara í forhönnun á þeim kafla í kjölfarið. Eftir að auknir fjármunir voru settir í tengivegasjóð með innspýtingu ríkisins þá er Klofningsvegur á framkvæmdaáætlun 2024-2025 en þá er áætlað að fara í fyrsta áfanga í aðgerðinni bundið slitlag á tengivegi. Rétt er að benda á það að allar framkvæmdir fylgja fjárveitingum hverju sinni og eru núverandi áætlanir miðaðar við þær fjárveitingar sem eru áætlaðar í dag í þennan málauflokk næstu 5 árin.

Varðandi viðhaldið almennt þá stendur til að styrkja veginn ásamt mölburði núna sumarið 2020 og í kjölfarið ætti að vera mun auðveldar að halda veginum í viðunandi ástandi fram að fyrirhuguðum framkvæmdum árið 2024.

Vakni einhverjar frekari spurningar eða vangaveltur þá er velkomið að hafa samband við undirritaðan.

Virðingarfyllst,



Pálmi Þór Sævarsson